

Auglýsing um deiliskipulagstillögu að frístundabyggð við Sandasker, Dýrafirði

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr skipulagslaga nr. 123/2010 verður tillaga að deiliskipulagi Sandaskers í Dýrafirði, til sýnis og umræðu hjá skipulagsfulltrúa, tæknisviði Ísafjarðarbæjar, þann 26. febrúar 2018 á 4. hæð Stjórnsýsluhússins, Hafnarstræti 1, frá klukkan 13 til 14.

Frístundahúsabyggðin er merkt F25 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Svæðið er norðan af Svalvogavegi, sunnan og vestan hlíða Sandafells og afmarkast til austurs af túnum/engjum. Heimilt er að reisa allt að 6 ný frístundahús á svæðinu. Í kjölfar kynningarfundarins verður tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar fyrir formlega auglýsingu hennar.

Deiliskipulagstillagan verður einnig til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 23. febrúar 2018 til og með 16. mars 2018.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillögunar. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillögunar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

Ísafirði 20. febrúar 2018

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar